

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á auglýstum tillögum að breyttu deiliskipulagi.

*Kópavogur, austurbær, Auðbrekka 16-32, deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 30. desember 2009 tillögu að deiliskipulagi Auðbrekku 16-32.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendi, Grundarhvarf 17, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 22. desember 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Grundarhvarf 17.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 18. janúar 2010.*

**Smári Smáráson** skipulagsstjóri.